



Reykjavík, 6. júní 2024
IER22110004
ÍÓ/KHV

Borgarráð

Styrkjaverkefni Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir

Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur framkvæmt úttekt á styrkjamálum borgarinnar en það verkefni var sett á áætlun í innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2023. Um að ræða staðfestingarverkefni sem felur í sér hlutlæga athugun og mat á gögnum til þess að gefa óháð álit á stöðu mála.

Úttektin var unnin í samvinnu við menningar- og íþróttasvið, fjármála- og áhættustýringarsvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið og skrifstofu borgarstjórnar. Stjórnendum hefur verið send lokaskýrsla og ábendingum beint til ábyrgðaraðila. Niðurstöður voru kynntar í endurskoðunarnefnd þann 23. maí sl. og var þar samþykkt með bókun að vísa úttektarskýrslu til borgarráðs:

Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á eigendahlutverki styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022. Að mati nefndarinnar eru ábendingar Innri endurskoðunar og ráðgjafar gagnlegar og geta nýst vel við frekari þróun varðandi styrkjamál Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarnefnd samþykkir að vísa skýrslunni til borgarráðs.

Skýrslan er hér með send til framlagningar í borgarráði og velkomið er að fylgja henni eftir með kynningu ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,


Ingunn Ólafsdóttir
starfandi innri endurskoðandi

Hjálagt:

Eigendahlutverk styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022, dags. 23.05.2024




Eigendahlutverk styrkjaverkefni Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022



Innri endurskoðun og ráðgjöf
fagsvið innri endurskoðunar

23. maí 2024
IER22110004



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Samantekt niðurstaðna.....	5
3. Stjórnskipulag styrkjaverkefni og fjármögnun	7
4. Styrkjaúthlutanir 2022	11
Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga	14
Viðauki IV - Viðmælendur úttektar	15

1. Inngangur

1.1. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun og ráðgjöf (hér eftir IER) annast innri endurskoðun hjá Reykjavíkurborg. IER heyrir undir borgarráð Reykjavíkur og innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnslu borgarinnar. Fagsvið innri endurskoðunar er starfseining innan IER sem annast innri endurskoðun og metur stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit ásamt því að gera viðeigandi ábendingar og tillögur um úrbætur í rekstri og hvetur þar með til stöðugra umbóta í starfsemi Reykjavíkurborgar. Fagsviðið starfar á grundvelli Heimsstaðla sem gefnir voru út af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda þann 9. janúar 2024.

1.2. Markmið og afmörkun úttektar

Verkefnið var á innri endurskoðunaráætlun 2022-2023 fyrir A hluta borgarsjóðs sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd þann 31. janúar 2022 og kynnt í borgarráði 17. mars sama ár. Við ákvörðun um afmörkun úttektar var horft til áhættumats og samtöl við lykilstarfsfólk. Um er að ræða staðfestingarverkefni sem felur í sér hlutlæga athugun og mat á gögnum til þess að gefa óháð álit á stöðu innan eftirlits hjá borginni.

Afmörkun úttektar var árleg úthlutun styrkja úr borgarsjóði og var valið að skoða úthlutunina árið 2022 annars vegar hjá menningar- og ferðamálaráði (MOF) og hins vegar hjá borgarráði. Þá voru skoðaðir samstarfssamningar hjá MOF sem í gildi voru árið 2022. Þess ber að geta að íþrótt- og tólmundasvið (ÍTR) og menningar- og ferðamálasvið (MOF) sameinuðust í menningar- og íþróttasvið (MÍR) um áramótin 2022-2023 eða eftir að úttektin fór af stað og eru því styrkir á vegum ÍTR ekki til skoðunar. IER framkvæmdi úttekt á styrkveitingum til íþróttafélaga á árinu 2018 og var ábendingum í þeirri skýrslu fylgt eftir á árinu 2021.

Helstu áhersluatriðin í úttektinni voru:

1. Stjórnskipulag styrkveitinga Reykjavíkurborgar
2. Auglýsing og umsóknir styrkumsókna
3. Úthlutun og samþykktarferli styrkumsókna
4. Bókhald og samningsgerð
5. Eftirlit og eftirfylgni styrkveitinga

1.3. Verkferill úttektar

Úttektin hófst á fundi IER með sviðsstjóra og skrifstofustjóra menningar- og ferðamálasviðs (MOF) þann 16. nóvember 2022 þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða úttekt á styrkjum menningar- og ferðamálaráðs og borgarráðs. Þá var fundað með sérfræðingi á skrifstofu borgarstjórnar þann 22. nóvember 2022. Þann 14. desember var gefin út úttektaráætlun en framkvæmd úttektar frestaðist fram í apríl 2023 vegna sameiningar sviðanna. Við úttektina var stuðst við leiðbeiningar Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda um styrki í opinberum rekstri¹ og áhættumat².

Skýrsludrög voru send sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs, sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringar (FAS), sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunar-sviðs (PON) og skrifstofustjóra borgarstjórnar og tengiliðum þeirra til umsagnar þann 1. nóvember 2023 og aftur í mars 2024 og hefur hér verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust. Niðurstöður voru kynntar í endurskoðunarnefnd þann 23. maí 2024. Lokaskýrsla var send stjórnendum auk þess sem ábendingum er beint til ábyrgðaraðila.

¹ Auditing Grants in the Public Sector, The Institute of Internal Auditors, 2018

² Grant auditing in the public sector, Strategies to identify risks, The Institute of Internal Auditors, 2019

2. Samantekt niðurstaðna

Árlegt heildarumfang styrkja og samstarfssamninga hjá Reykjavíkurborg var á bilinu 1.088-1.257 m.kr. á árunum 2020-2022.

Borgarráð samþykkti árið 2020 skýrslu starfshóps um gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar og samhliða færðist eigendahlutverk styrkjaverkefnisins frá skrifstofu borgarstjórnar til FAS. Í skýrslunni voru skilgreindar tillögur sem ráðast átti í til að bæta gagnsæi, eftirlit og skilvirkni við styrkjaúthlutanir. Árið 2023 samþykkti borgarráð að færa eigendahlutverk til ÞON þar sem tillögur starfshópsins höfðu ekki náð framgangi hjá FAS. Engin fjárheimild fylgdi styrkjaverkefninu en gert var ráð fyrir að þjónustan yrði fjármögnuð með gjaldtöku í réttum hlutföllum til þeirra sviða og starfseininga sem hafa með styrkumsóknir að gera. Gjaldskrá fyrir styrkjaþjónustu hefur ekki komið til framkvæmda en er í vinnslu en markmið hjá ÞON er að öll styrkveiting Reykjavíkurborgar fari í gegnum styrkjagáttina.

Ein af tillögum sem samþykktar voru í borgarráði var styrkjavefur og var hann tekinn í notkun haustið 2023 en ÞON áætla að ljúka við 2. fasa á árinu 2024. Markmiðið er að til verði einn rafrænn ferill sem hægt verður að nota fyrir alla styrki borgarinnar en það hefur ekki enn að fullu náðst. Hins vegar á eftir að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um styrki frá 2017 og Styrkjahandbók og yfirfara sérreglur fagraða um styrkveitingar. Einnig hefur ekki komið til framkvæmda að úthluta tvisvar á ári og að birta upplýsingar um styrkveitingar og samninga á styrkvefnum.

IER fór yfir árlega úthlutun styrkja úr borgarsjóði árið 2022 hjá menningar- og ferðamálaráði (MOF) og borgarráði og skoðaðir voru samstarfs-samningar hjá MOF sem í gildi voru árið 2022. Helstu niðurstöður skoðunarinnar eru:

- Auglýsingar um styrki úr borgarsjóði voru birtar á íslensku og ensku með aðgengilegum hætti á heimasíðu borgarinnar og í helstu fjölmiðlum á umsóknartíma.

- Við yfirferð á umsóknum var ekki annað hægt að greina en að þær væru almennt ítarlegar og vel unnar og í takt við kröfur í 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Skipaður er óháður utanaðkomandi faghópur til að fara yfir styrkumsóknir MÍR og koma með tillögu að úthlutun. Að mati IER væri rétt að gera erindisbréf fyrir faghópinn. Þá þyrfti að nota staðlað matsblað og matskvarða við mat á styrkumsóknum til að tryggja gagnsæi og jafnræði.
- Farið var yfir eftirlitsaðgerðir varðandi útgreiðslu styrkja og styrksamninga. Farið var yfir eftirlitshlutverk bókhaldsskrifstofu, samþykktarferlið, bókhaldslykla og afstemmingar án athugasemda.
- Kannað var eftirlit með framkvæmd samninga, eftirlit með skilum á greinargerðum og hvort brugðist sé við ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði samnings. MÍR kallar eftir greinargerðum en fylgist ekki með skipulögðum hætti með því að styrkþegar séu að uppfylla efni samnings.

2.1 Fjöldi ábendinga eftir áhættuskori

Litur	Áhættuskor	Fjöldi
●	Mikil áhætta	-
●	Nokkur áhætta	2
●	Lítil áhætta	2
●	Tillögur til úrbóta	2
	Fjöldi	6

Sjá nánar í viðauka I – Áhættuflokkun ábendinga.

Ábendingunum verður fylgt eftir af IER með eftirfylgnikönnun og niðurstöður hennar kynntar í endurskoðunarnefnd þegar þær liggja fyrir og birtar á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar.

2.1. Ábendingar, tillögur til úrbóta og viðbrögð stjórnenda

Áhættu- mat	Nr.	Ábendingar	Ábyrgðaraðili	Viðbrögð stjórnenda Áætluð tímasetning lok úrbóta
Nokkur áhætta	1	Ábendingar um framvindu tillagna samþykktar í borgarráði Framkvæma þarf tillögur í skýrslu starfshóps um gagnsæi styrkúthlutana sem samþykktar voru í borgarráði þann 2. júlí 2020, m.a. að uppfæra reglur um styrki, Styrkjahandbókina frá 2017 og sérreglur um styrkveitingar.	Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs	Í vinnslu. Áætluð verklok á árinu 2025.
Nokkur áhætta	2	Ábendingar um fjármögnun styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar PON ber stjórnarsýslulega ábyrgð á umsjón styrkjamála Reykjavíkurborgar. Fjármagna þarf þjónustu sem PON á að veita sviðum og starfseiningum sem hafa með styrkumsóknir að gera og framkvæmd tillagna sem borgarráð hefur samþykkt. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 50% stöðugildi sem fjármagnað væri með gjaldtöku frá sviðum.	Sviðsstjóri FAS/ Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs	PON hefur óskað eftir fjármögnun verkefnisins í fjárhagsáætlun 2025. PON leggur áherslu á að orðið verði við þeirri beiðni.
Lítill áhætta	3	Samþykktarferli styrkumsókna Gera þarf árlega erindisbréf fyrir faghóp sem kemur að úthlutun styrkja fyrir menningar- og íþróttasvið.	Skrifstofustjóri hjá menningar- og íþróttasviði	Unnið verður erindisbréf fyrir faghópa sem koma að úthlutun styrkja fyrir menningar- og íþróttasvið áður en hóparnir koma saman í haust og næsta vetur 2024/2025.
Lítill áhætta	4	Ábendingar vegna eftirlits og eftirfylgni styrkveitinga Viðhalda þarf virku eftirliti með greinargerðum í samræmi við ákvæði 16. gr. styrkjareglna á styrkjum borgarráðs.	Skrifstofustjóri borgarstjórnar	Í vinnslu. Áætluð verklok á árinu 2025.
Tillaga	1	Auglýsing og meðferð styrkumsókna Til að auka sýnileika og aðgengi fyrir alla borgarbúa þyrfti að skoða að hafa auglýsingar og umsóknarform um styrkveitingar hjá Reykjavíkurborg einnig á pólsku. Þjóða þarf upp á þann valmöguleika að starfsfólk þjónustumiðstöðva geti veitt umsækjendum aðstoð við að fylla út styrkumsóknir á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.	Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs	
Tillaga	2	Ábendingar vegna stjórnskipulags styrkveitinga Við innleiðingu styrkjagáttarinnar þarf að huga að tengingu við önnur kerfi borgarinnar, svo sem Hlöðuna og Agresso.	Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs	

3. Stjórnskipulag styrkjaverkefnis og fjármögnun

3.1. Fjárhagslegt umfang styrkveitinga 2020-2022

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Styrkir úr borgarsjóði eru veittir í eitt skipti í senn en samstarfssamningar eru gerðir til þriggja ára að hámarki en fjárveitingar eftir fyrsta árið eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir á hverju ári eftir það.

Í töflu 1 má sjá heildarumfang styrkja og samstarfssamninga undanfarin þrjú ár hjá Reykjavíkurborg. Árið 2022 námu styrkir samtals 1.088 m.kr. og var um helmingi þeirra styrkja úthlutað hjá MOF eða 502 m.kr. Inn í tölunni hjá MOF er styrkur til Hörpu að upphæð 323 m.kr. sem fór ekki í gegnum umsóknarferli og er því ekki til skoðunar í þessari úttekt.

Tafla 1. Umfang styrkja 2020-2022 í þús.kr.

Svið	2022	2021	2020
Íþrótt- og tómsundasvið	66.156	73.750	124.318
Menningar- og ferðamálasvið	501.875	517.785	570.836
Mannréttindaskrifstofa	7.020	11.909	13.100
Skóla- og frístundasvið	20.947	5.557	92.303
Umhverfis- og skipulagssvið	45.745	37.930	37.368
Velferðarsvið	270.876	302.870	218.105
Styrkir og samn. ÖNN og MAR	154.540	159.859	179.715
Borgarráð	21.660	16.350	22.240
Samtals í þús. kr.	1.088.819	1.126.010	1.257.985

3.2. Reglur um styrkveitingar og Styrkjahandbók 2017

Núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um styrki voru samþykktar í borgarráði þann 25. maí 2017. Markmið reglnanna er að leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgar-yfirvalda. Styrkir eru veittir til verkefna á sviði eftirtalinna fimm mála-flokka: Menningarmála, félags- og velferðarmála, íþrótt- og æskulýðs-mála, mannréttindamála og skóla- og frístundamála.

Styrkjahandbók Reykjavíkurborgar frá árinu 2017 fjallar svo nánar um meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja og samstarfs- og þjónustu-samninga. Í henni kemur fram að skrifstofa borgarstjórnar ber stjórnábyrgð á umsjón styrkjamála og eftirfylgni þeirra reglna sem borgarráð samþykkir. Skrifstofan ber ábyrgð á sameiginlegri auglýsingu um styrki borgarinnar og að vísa umsóknnum til hlutaðeigandi fagsviðs/fagráðs, kalla saman ábyrgðaraðila frá hverju sviði að loknum umsóknarfresti og ákveða farveg umsókna sem vafi leikur á hvert vísa skuli. Skrifstofan ber einnig ábyrgð á að annast meðferð og afgreiðslu styrkja sem falla utan við verksvið fagráða og borgarráð fer með úthlutun á.

Fagráð setja sér síðan sérreglur í samræmi við styrkjareglur borgarráðs og Styrkjahandbókina. Þau bera svo ábyrgð á meðferð styrkveitinga á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

3.3. Starfshópur um aukið gagnsæi styrkúthlutana 2019-2020

Árið 2019 skipaði mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð starfshóp um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana sem hafði það hlutverk að samræma umsóknarferli og regluverk um úthlutanir styrkja, tryggja sýnileika styrk-umsókna og auka gagnsæi styrkveitinga hjá Reykjavíkurborg. Starfshópurinn skipuðu þau Halldóra Káradóttir sviðsstjóri FAS, Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri borgarstjórnar og Hreinn Hreinsson hjá vefumsjón þON. Freyja Barkardóttir hjá FAS var starfsmaður hópsins.

Helstu verkefni starfshópsins voru:

- Að samhæfa regluverk Reykjavíkurborgar um úthlutanir styrkja
- Að tryggja sýnileika allra styrkumsókna og veittra styrkja Reykjavíkurborgar
- Að auka gagnsæi við ákvarðanatöku um styrkveitingar
- Að skoða rafvæðingu styrkumsókna
- Að tryggja eftirlit vegna styrkveitinga
- Að uppfæra styrkjahandbók í takt við markmið starfshópsins

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni (R19070030) til mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. júní 2020. Í skýrslunni koma fram eftirfarandi tillögur til þess að auka gagnsæi og eftirlit með samningum og úthlutun styrkja, tryggja sýnileika og einfalda aðgengi íbúa:

Tillaga 1. Settur verði upp styrkjavefur á reykjavik.is sem haldi utan um upplýsingar og leiðbeiningar um alla styrki. Rafrænt umsóknarkerfi verði smíðað fyrir alla styrki borgarinnar. Það feli í sér rafræna umsókn, afgreiðslur styrkja, alla umsýslu og öll samskipti við umsækjendur. Ábyrgðaraðili: Stafræn Reykjavík/PON.

Tillaga 2. Reglur Reykjavíkurborgar um styrki verði yfirfarnar og sameinaðar reglum í Styrkjahandbók. Styrkjahandbókinni verði skipt í tvennt; annars vegar leiðbeiningar fyrir umsækjendur um styrki og hins vegar handbók fyrir starfsfólk um afgreiðslu og meðhöndlun styrkja. Ábyrgðaraðili: Miðlægur umsjónaraðili með styrkjum ber ábyrgð á reglum um styrki.

Tillaga 3. Farið verði markvisst yfir allar sérreglur um styrkveitingar á vettvangi viðeigandi aðila (sviða/skrifstofa) og tryggt að þær séu í samræmi við meginreglur með tilvísun í styrkjareglur Reykjavíkurborgar og almennar leiðbeiningar um afgreiðslu og meðhöndlun. Ábyrgðaraðili: Umsjónaraðili styrkjamála með aðkomu sviða / Skrifstofur sem afgreiða styrki.

Tillaga 4. Gögn um úthlutanir styrkja skal birta á nýjum styrkjavef Reykjavíkurborgar til þess að auka gagnsæi. Einnig skal birta upplýsingar um samstarfs- og þjónustusamninga á vefnum. Ábyrgðaraðili: Stafræn Reykjavík/PON.

Tillögur 5-6. Þá leggur starfshópurinn til að til þess að auka aðgengi að styrkjum úr borgarsjóði verði framvegis úthlutað tvisvar á ári í gegnum nýja rafræna umsóknarferlið þannig að alltaf verði opið fyrir umsóknir, auglýsingar yrðu birtar út frá markhópagreiningum og að felld verði niður

krafa í reglum Reykjavíkurborgar um að auglýsa úthlutun styrkja í dagblöðum. Ábyrgðaraðili ekki skilgreindur.

Tillaga 7. Umsjón með styrkjavef og ábyrgð styrkjamála miðlægt verði færð frá skrifstofu borgarstjórnar til FAS. Í því felst m.a. gerð auglýsinga og kynningarefnis vegna reglubundinna styrkjaúthlutana, flokkun umsókna og vísun til fagráða. Ábyrgðarskipting milli fagsviða og miðlægs umsjónaraðila verði skilgreind með ítarlegri hætti í Styrkjahandbók.

3.4. Borgarráð samþykkti tillögur og eigendahlutverk fer til FAS 2020

Á fundi mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 25. júní 2020 var samþykkt skýrsla starfshóps um aukið gagnsæi varðandi styrkjaúthlutanir Reykjavíkurborgar og henni vísað til borgarráðs. Á fundi borgarráðs þann 2. júlí 2020 var skýrslan samþykkt. Með því voru tillögur starfshópsins samþykktar og færðist eigendahlutverk samhliða frá skrifstofu borgarstjórnar til FAS en PON átti að veita tæknilegar úrlausnir við umsóknarkerfi styrkumsókna.

3.5. Borgarráð færir eigendahlutverk styrkjaverkefnis til PON 2023

Þann 27. apríl 2023 samþykkti borgarráð tillögu borgarstjóra um að færa eigendahlutverk styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar frá FAS til PON. Ástæða tilfærslunnar var sú að tillögur starfshópsins hefðu ekki náð framgangi hjá FAS. Við framgang verkefnisins kom í ljós að umfang þess var umtalsvert meira en lagt var upp með í byrjun og litið svo á að það væri ekki sjálfbært til framtíðar litið. Fram kom að PON hefði yfir að ráða mannauði, þekkingu og tæknilausnum til að koma verkefninu áfram milliliðalaust.

Í minnisblaði FAS til borgarráðs sem fylgdi með tillögu borgarstjóra kom fram að þegar verkefnið var flutt á FAS hafi því ekki fylgt sérstakt fjármagn en ráðinn var tímabundið inn starfsmaður til að sinna undirbúningi þess. Tæknileg úrvinnsla verkefnisins var síðan flóknari og meiri en upphaflega lá fyrir. Þá kom fram að verkefnið sem slíkt samræmdist engan veginn kjarnaverkefnum FAS auk þess sem það hefði hvorki yfir að ráða mannafla

með sérþekkingu á málaflöknum né tæknilegum hluta hans. Bent var á að ÞON sinnir miðlægrri þjónustu við bæði innri og ytri notendur í gegnum þjónustuver borgarinnar. Þá heldur ÞON jafnframt utan um rekstur og þróun á miðlægum upplýsingatæknilausnum líkt og stefnt er að með uppsetningu á styrkjagátt Reykjavíkurborgar.

Í minnisblaðinu kom fram að til framtíðar yrði gert ráð fyrir allt að 50% stöðugildi vörustjóra sem veitir þá þjónustu sem getið er um í skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar og samþykkt var af borgarráði árið 2020. Kostnaðaráætlun fyrir 50% stöðugildi væri um 7,5 m.kr. á ársgrundvelli, en gert er ráð fyrir að þjónustan verði fjármögnuð með gjaldtöku í réttum hlutföllum til þeirra sviða og starfseininga sem hafa með styrkumsóknir að gera, enda gert ráð fyrir verulegum umbótum við meðhöndlun, yfirsýn og afgreiðslu styrkja þegar ný styrkjagátt hefur verið tekin í notkun. Í minnisblaði FAS kom fram að það hafi verið unnið með vitneskju og stuðningi ÞON.

3.6. Staða tillagna starfshópsins hjá ÞON 2024

Samkvæmt sviðsstjóra ÞON í janúar 2024 fylgdi ekki fjárheimild með styrkjaverkefninu til ÞON, svo sem kostnaður vegna auglýsinga um styrki úr borgarsjóði sem birta skal í fjölmiðlum og var sá kostnaður því greiddur af skrifstofu sviðsstjóra ÞON. Þá er ÞON ekki með stöðugildi í rekstri fyrir kynningarfulltrúa til að standa undir eðlilegri framkvæmd kynningarstarfs fyrir styrki úr borgarsjóði. Ekki er búið að samþykkja gjaldskrá fyrir þjónustuna og ekki eru öll svið sem vilja fara með styrkumsóknir sínar inn í styrkjavefinn en það er að sögn sviðsstjóra ÞON ekki hans að ákveða. Markmiðið er að til verði einn rafrænn ferill sem hægt verður að nota fyrir alla styrki borgarinnar. Að sögn ÞON er gjaldskrá fyrir þjónustuna í vinnslu og verður markmið ÞON að öll styrkveiting Reykjavíkurborgar fari í gegnum styrkjagáttina.

Í apríl 2024 er staða tillagna starfshópsins um gagnsæi styrkjaúthlutana sem samþykktar voru í borgarráði í júlí 2020 þessar:

Tillaga 1. Innleiðingaráætlun nýrrar styrkjagáttar hefur verið samþykkt og var 1. fasi innleiddur haustið 2023. Var þá umsóknarferlið fyrir styrki úr borgarsjóði fyrir árið 2024 fært yfir í „Mínar síður“ hjá Reykjavíkurborg og umsóknir skráðar í Atlassian Jira kerfið. Í 2. fasa verkefnisins verður umsækjendum meðal annars gert kleift að skila inn greinargerðum í gegnum „Mínar síður“ og styrkjagáttin verður aðgengileg fyrir fleiri tegundir styrkja. Þá á að koma á tengingu við Hlöðuna þar sem umsóknir og samningar verða vistaðir. Gert er ráð fyrir að lokið verði við 2. fasa á árinu 2024.

Tillögur 2-3. Ekki er búið að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar og Styrkjahandbókina frá 2017 eða yfirfara allar sérreglur í samræmi við breytingar. Þrátt fyrir það hefur menningar- íþrótt- og tómstundaráð samþykkt endurskoðaðar reglur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga á sviði menningarmála, á fundi ráðsins þann 22. ágúst 2022. Að sögn ÞON er vinna hafin við að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar og Styrkjahandbók frá 2017. Sú vinna var sett í gang og sett í forgang þegar ÞON tók við verkefninu.

Tillaga 4. Úthlutanir styrkja og samningar hefur ekki enn verið birt opinberlega eða á styrkjavef Reykjavíkurborgar.

Tillögur 5-6. Ekki er úthlutað tvisvar á ári eða styrkjavefur opinn allt árið eins og stefnt var að. Markhópagreiningar hafa ekki enn farið fram og birting auglýsinga um styrki í samræmi við þær. Úthlutun styrkja fylgir styrkjareglum eins og þær eru á hverjum tíma. Að sögn ÞON verður úthlutun tvisvar á ári eftir að búið er að uppfæra styrkjareglurnar þar sem núgildandi styrkjareglur gera ekki ráð fyrir úthlutun tvisvar á ári.

Ábendingar vegna stjórnskipulags og fjármögnunar styrkjaverkefnis

1. Framkvæma þarf tillögur í skýrslu starfshóps um gagnsæi styrkúthlutana sem samþykktar voru í borgarráði þann 2. júlí 2020, m.a. að uppfæra reglur um styrki, Styrkjahandbókina frá 2017 og sérreglur um styrkveitingar.
2. PON ber stjórnábyrgð á umsjón styrkjamála Reykjavíkurborgar. Fjármagna þarf þjónustu sem PON á að veita sviðum og starfseiningum sem hafa með styrkumsóknir að gera og framkvæmd tillagna sem borgarráð hefur samþykkt. Kostnaðaráætlun var 50% stöðugildi.

4. Styrkjaúthlutanir 2022

IER fór yfir árlega úthlutun styrkja úr borgarsjóði árið 2022 hjá menningar- og ferðamálaráði (MOF) og borgarráði og skoðaðir voru samstarfssamningar hjá MOF sem í gildi voru árið 2022.

4.1. Auglýsingar og aðstoð við gerð styrkumsókna

Skoðað var með hvaða hætti styrkir úr borgarsjóði voru auglýstir á árinu 2023. Kannað var hvort auglýsingar hefðu birst í samræmi við styrkreglur Reykjavíkurborgar og aðrar samþykktar stefnur borgarinnar.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar gr. 9.3.2 kemur fram að borgin eigi að búa til aðgengilegt og auðskilið upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar á tungumálum þeirra hópa sem fjölmennastir eru í Reykjavík. Hér er átt við vefmiðlun, bæklinga og auglýsingar þegar það á við, samanber upplýsingastefnu borgarinnar.

Auglýsingar um styrki Reykjavíkurborgar á árinu 2023 voru birtar með aðgengilegum hætti á heimasíðu borgarinnar, www.reykjavik.is, og í helstu fjölmiðlum á umsóknartíma. Auglýsingar á heimasíðunni og umsóknarform styrkja á Rafrænni Reykjavík er birt á íslensku og ensku. Stefnt er að því að auglýsa einnig á pólsku en umsóknir verði aðeins á íslensku og ensku þar sem mikill aukakostnaður við túlkþjónustu myndi fylgja því að hafa umsóknir á pólsku.

Í mannréttindastefnu og aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að allir eigi að hafa jafnan rétt á virkri þátttöku í reykvísku borgar-samfélagi og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð uppruna og fötlunar og því sé mikilvægt að allir hafi jafnan aðgang að því að sækja um styrki úr borgarsjóði. Að mati IER er æskilegt að umsækjendur geti leitað til þjónustumiðstöðva varðandi aðstoð við að fylla út styrkumsóknir.

Tillaga um auglýsingar og aðstoð við gerð styrkumsókna

Tillaga 1. Til að auka sýnileika og aðgengi fyrir alla borgarbúa mætti skoða að hafa auglýsingar og umsóknarform um styrkveitingar hjá Reykjavíkurborg einnig á pólsku og veita umsækjendum aðstoð við að fylla út styrkumsóknir á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

4.2. Úthlutun og samþykktarferli styrkumsókna

Úthlutun styrkumsókna

Samkvæmt verklagsreglu MÍR um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála kemur fram að faghópur er skipaður að fenginni tillögu Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Fram kemur einnig að við skipun í faghóp skuli taka mið af II. kafla stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi. Sama grein gildir ef spurning um vanhæfi kemur upp.

Farið var yfir skipun í faghóp um úthlutun styrkja hjá MÍR á árinu 2022, skoðuð var tillaga faghóps, hvernig valið er í faghópin og skipunarbréf hans og hvernig mat fer fram á hagsmunaárekstrum.

Óskað var eftir erindisbréfi og greinargerð faghópsins og önnur gögn um störf faghópsins. Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra MÍR hefur ekki verið útbúið erindisbréf fyrir faghóp um úthlutun styrkja. Að öðru leyti gerir IER ekki athugasemdir við starf faghópsins.

Mat á styrkumsóknum

Tekið var úrtak styrkja og samstarfssamninga hjá MÍR og borgarráði á árinu 2022 og könnuð fylgni við mat á umsóknum samkvæmt 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki, 4. kafla í Styrkjahandbók og 3. kafla í Reglum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála.

Samkvæmt reglunum skulu umsóknir metnar með hliðsjón af:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð,
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf,
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins,
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni uppfylli lágmarkskröfur,
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi,
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun.

Við yfirferð umsókna kom í ljós að:

- fagnefnd um styrki hjá MÍR skilaði inn greinargerð þar sem kom fram til hvaða þátta litið var við úthlutunina. Fagráðið tók afstöðu til 153 umsókna og fengu 55 umsóknanna meðmæli nefndarinnar. Fagráðið notaði matsblað við ákvörðunartöku sína þar sem allir matsþættirnir eru tilgreindir. Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 13. október 2023 var tekið fyrir matsblað vegna styrkja borgarráðs og annað matsblað sem lýsir tengingu við stefnur og reglur Reykjavíkurborgar.
- nýtt verklag var tekið upp á árinu 2022 við mat á umsóknum úr borgarsjóði hjá borgarráði. Nú annast þrjú borgarfulltrúar meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Reglur um styrkveitingar borgarráðs voru samþykktar í borgarráði þann 7. desember 2023.

Ábending um úthlutun og samþykktarferli styrkumsókna

3. Gera þarf árlega erindisbréf fyrir faghóp sem kemur að úthlutun styrkja fyrir menningar- og íþróttasvið.

4.3. Bókhald og samningsgerð

Farið var yfir eftirlitsaðgerðir varðandi útgreiðslu styrkja hjá MÍR. Skoðað var eftirlitshlutverk bókhaldsskrifstofu, samþykktarferlið, bókhaldslyklar og afstemmingar. Skoðað var verklag frá því að MÍR samþykkir styrki og samstarfssamninga á árinu 2022 og þar til greitt er út til styrkhafa.

Farið var yfir eftirfarandi þætti:

- Hver hefur heimild til að gera greiðslubeiðni á styrkjum
- Verklag bókhalds við útgreiðslu styrkja
- Afstemmingar bókhalds við samþykkt styrkja
- Skýrsla um framkvæmd styrkjareglna 2022

Yfirferð IER á bókhaldi og greiðslu styrkja hjá MÍR leiddi í ljós að fjármálastjóri MÍR sendir greiðslubeiðnir í bókhald í samræmi við úthlutun styrkja og samstarfssamninga. Reikningurinn fer í samþykktarferli hjá tveimur aðilum innan MÍR, skrifstofustjóra og fjármálastjóra MÍR. Áður en styrkur er greiddur út fer bókhaldsskrifstofa yfir eftirfarandi þætti:

- Samræmi á milli kennitölu á samningi og reiknings styrkþega
- Hvort sambærilegur styrkur hafi verið greiddur nýlega á styrkþegann
- Tvöfalt samþykktarferli liggja fyrir greiðslu styrkfjárhæðar

Eftir bókunina er greiðslan skráð í samningshluta Agresso, þ.m.t. dags. greiðslna og fjárhæð, og samningur settur rafrænt inn. Mánaðarlega sendir bókhaldið ábyrgðarmanni kostnaðarstaðar samanburð á áætlun og raunstöðu og á þriggja mánaða fresti er kallað eftir útkomuspá og greinargerð um stöðu næstu 6 mánuði. Þá framkvæmir bókhaldsskrifstofa einnig frávikagreiningar sem notaðar eru í áætlunargerð.

FAS gerir skýrslu árlega, í samræmi við styrkjareglurnar, um framkvæmd styrkjareglna og er hún lögð fram samhliða ársuppgjöri Reykjavíkurborgar. Í skýrslu fyrir árið 2022 kemur fram að greiddir voru mörg hundruð reikningar til styrkþega og að þeir hafi nánast allir verið skannaðir og vistaðir í fjárhagskerfinu Agresso.

Bókhald og samningsgerð

IER gerir engar athugasemdir við verklag bókhalds og samningsgerðar styrkmála MÍR árið 2022.

4.4. Eftirlit og eftirfylgni styrkveitinga

Í 16. gr. styrkjareglna Reykjavíkurborgar kemur fram að styrkþegar eigi að gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfénu hefur verið varið með skilum á greinargerð og samkvæmt 3. gr. Styrkjahandbókar Reykjavíkurborgar á fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS) að annast greiðslu styrkja og hafa eftirlit með skilum styrkþega á greinargerðum.

Kannað var eftirlit með framkvæmd samninga og hvort brugðist sé við ef styrkþegar uppfylla ekki skyldur sínar samkvæmt samningi. Farið var yfir skil á greinargerðum frá styrkþegum hjá MÍR og borgarráði, samtals 29 aðilum.

Í dag skila styrkþegar greinargerðum í gegnum tölvupóstfangið styrkir@reykjavik.is en einnig berast gögn í gegnum pósthöfund starfsmanna sem eru í samskiptum við styrkþega. Greinargerðir frá styrkþegum á öllum sviðum eru að berast á styrkjanetfangið og því oft erfitt fyrir þá sem eru að flokka póstinn að finna út úr hvaða máli hver greinargerð tilheyrir.

Við yfirferð á eftirliti með samningum hjá MÍR:

Hjá MÍR eru greinargerðir vistaðar með öðrum gögnum frá umsækjendum í skjalavörslukerfinu Hlöðunni. Þeir sem hafa ekki skilað inn greinargerðum verður sjálfkrafa hafnað um styrk að nýju. Við yfirferð gagna kom í ljós að ekki hefðu borist greinargerðir frá tveimur aðilum sem fengu styrk frá MÍR en búið var að senda viðkomandi aðilum ítrekun um skil. MÍR fylgist að einhverju leyti með greinargerðum að styrkþegar séu

að uppfylla efni samnings en það hefur ekki verið gert á formlegan hátt enda um marga samninga og gjörninga að ræða.

Við yfirferð á eftirliti með styrkjum borgarráðs:

Hjá borgarráði var aðeins búið að skila inn greinargerðum til skrifstofu borgarstjórnar fyrir 7 af 19 af þeim styrkveitingum sem voru í úrtakinu. Sendar eru ítekanir um áramót og aftur í upphafi árs en það virðist ekki duga til. Þá eru dæmi um að aðilar fái aftur styrk þó svo að þeir hafi ekki skilað inn greinargerð.

Ábendingar vegna eftirlits og eftirfylgni styrkveitinga

4. Viðhalda þarf virku eftirliti með greinargerðum í samræmi við ákvæði 16. gr. styrkjareglna á styrkjum borgarráðs.

Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga

Viðmið	● Mikil áhætta	● Nokkur áhætta	● Lítil áhætta
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta. Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hættan á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávik frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávik frá fylgni við reglur
Ytri kröfur. Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávik	Nokkuð um frávik frá fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta. Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímabrestur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávik ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða

Viðauki IV – Viðmælendur úttektar

- *Bjarni Þóroddsson, sérfræðingur hjá skrifstofu borgarstjórnar*
- *Fany Larota Catunta, teymisstjóri skjalastýringar Ráðhúss*
- *Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar*
- *Huld Ingimarsdóttir, f.v. sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs*
- *María Rut Reynisdóttir, skrifstofustjóri menningarborgar á menningar- og íþróttasviði*
- *Ólöf Marín Úlfarsdóttir, lögfræðingur hjá fjármála- og áhættustýringarsviði*
- *Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, faglegur verkefnastjóri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði*



Borgarráð

Styrkjaverkefni Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir

Á fundi endurskoðunarnefndar í dag fór fram kynning á niðurstöðum úttektarverkefnis Innri endurskoðunar og ráðgjafar varðandi eigendahlutverk styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022 og lögð fram skýrsla til stjórnenda dags. 23.05.2024. IER22110004

Ingunn Ólafsdóttir, Óskar Jörgen Sandholt og Eva Pandora Baldursdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á eigendahlutverki styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022. Að mati nefndarinnar eru ábendingar Innri endurskoðunar og ráðgjafar gagnlegar og geta nýst vel við frekari þróun varðandi styrkjamál Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarnefnd samþykkir að vísa skýrslunni til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Kristín Henley Vilhjálmsdóttir
e.u.